

### **Þingsályktun**

#### **um viðbótarsamninga við Mannréttindasáttmála Evrópu.**

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda eftirtalda viðbótarsamninga við sáttmálann frá 4. nóvember 1950, um verndun mannréttinda og mannfrelsis (Mannréttindasáttmála Evrópu):

- a. Viðbótarsamning nr. 6 varðandi afnám dauðarefsingar sem gerður var í Strassborg 28. apríl 1983.
- b. Viðbótarsamning nr. 7 sem gerður var í Strassborg 22. nóvember 1984.
- c. Viðbótarsamning nr. 8 sem gerður var í Vínarborg 19. mars 1985.

*Samþykkt á Alþingi 18. mars 1987.*

